

Úrskurður

Samgöngustofu nr. 4/2026 vegna álagningar fargjaldaálags

I. Erindi

Hinn 13. mars 2026 kærði [REDACTED] (hér eftir kærandi) ákvörðun Strætó bs, dags. 19. febrúar 2026, um að krefja kæranda um greiðslu fargjaldaálags. Kærandi fer fram á að Samgöngustofa (hér eftir „SGS“) taki ákvörðun Strætó bs til endurskoðunar á grundvelli 4. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017.

II. Málavextir og bréfaskipti

Í kæru kemur fram að kærandi hafi ferðast með almenningssamgöngum Strætó bs. með gildan farmiða en henni hafi verið gert að greiða fargjaldaálag þar sem ekki var líf í rafhlöðu á símanum hennar og hún því ekki getað sýnt fram á gilt fargjald þegar eftir því var leitað. Kærandi kvartar yfir því að Strætó bs hafi ekki gengið úr skugga um það með öðrum hætti að hún hefði greitt fyrir fargjaldið.

SGS sendi kærana til umsagnar Strætó bs. með tölvupósti þann 20. mars 2026. Í svari, Strætó bs., sem barst þann 7. apríl 2026, kemur fram að kærandi hafi verið krafín um greiðslu fargjaldaálags vegna þess að hún hafi stigið um borð í strætisvagn og ekki náð að sýna fram á gilt fargjald, hvorki í símtæki sínu sem ekki hafi verið með rafhlöðulíf, né með öðrum hætti. Kærandi hafi greint frá því að vera með 30 daga tímabilskort á Klapp app aðgangi. Niðurstaða nefndar Strætó bs. hafi verið að hafna niðurfellingu á fargjaldaálagi og vísa í reglur og skilmála Strætó bs. 2.5: “Snjalltæki þarf nettengingu þegar vara er keypt. Snjalltæki þarf einnig nettengingu, nægilegt rafhlöðulíf og óbrotinn skjá þar sem kóðinn birtist þegar vara er virkjuð og skönnuð um borð í vagni. Nettengingin, nægilegt rafhlöðulíf og ástand skjás á meðan vara er í notkun er á ábyrgð handhafa.“

SGS sendi kæranda umsögn Strætó bs. til athugasemda þann 15. apríl 2026. Engar athugasemdir bárust frá kæranda.

Með frekari skýringum frá Strætó bs sem bárust þann 25. ágúst 2026 kom fram að starfsmenn í eftirliti bjóði farþegum sem ekki hafa náð að skanna fargjöld sem eru með rafhlöðu og nettengingu á snjalltæki að skrá sig inn á mínar síður, sem hægt er að skrá sig inn á út frá www.klappid.is sem og www.straeto.is, og þá geti farþegar sýnt fram á að hafa gilt fargjald. Ítrekað var að umræddur farþegi hafði ekki getað sýnt fram á gilt fargjald í umræddri ferð og hlaut fyrir vikið fargjaldaálag.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Samgöngustofa tekur mál til skoðunar í samræmi við ákvæði laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 og stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og sker úr ágreiningi með úrskurði, sbr. 4. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 (hér eftir „lög um farþegaflutninga“).

Á grundvelli 1. mgr. 30. gr. a í lögum um farþegaflutninga ber farþega í almenningssamgöngum að framvísa farmiða eða sýna á annan hátt fram á greiðslu réttis fargjalds óski starfsmaður á vegum flytjanda eftir því.

Geti farþegi í almenningssamgöngum ekki sýnt fram á greiðslu réttis fargjalds þegar eftir því er leitað er flytjanda heimilt að krefja hann um fargjaldaálag, sbr. 2. mgr. 30. gr. a. sömu laga. Nánari ákvæði um hvernig fargjaldaálag er lagt á, fjárhæð þess og innheimtu skulu koma fram í sérstökum reglum flytjanda sem staðfestar eru af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 3. mgr. 30. gr. a. sömu laga. Á þeim tíma sem atvik máls þessa gerðust voru í gildi reglur Strætó bs. um fargjaldaálag nr. 1021/2023 þar sem m.a. kom fram hver fjárhæð fargjaldaálags skyldi vera auk þess sem kveðið var á um að heimilt væri að krefja farþega um fargjaldaálag gæti viðkomandi ekki sýnt fram á greiðslu réttis fargjalds þegar eftir því væri leitað.

Samkvæmt 5. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga skulu reglur um fargjaldaálag vera farþegum sýnilegar um leið og stigið er upp í farartæki og kynntar sérstaklega í öllum samgöngumiðstöðvum, á vef flytjanda og á biðstöðvum þar sem því verður við komið.

Ákvæði 30. gr. a. laga um farþegaflutninga er nýmæli og var lögfest með lögum nr. 97/2021. Í skýringum frumvarps við ákvæðið kemur fram að tilefni lagasetningarinnar hafi verið að opna fyrir og styðja við skilvirkari lausnir við greiðslu fargjalda í almenningssamgöngum með það að markmiði að efla þjónustu við notendur án þess að því fylgdi verulegt tekjutap flytjenda. Enn fremur kemur fram í skýringum með frumvarpinu að farþegi beri sjálfur áhættuna af því ef hann týnir farmiða eða ef aðrar aðstæður hamla því að hann geti sýnt fram á greiðslu fargjalds þegar þess er óskað.

Upplýsingar um gildandi reglur um fargjaldaálag, skilmála Strætó bs., og álagningu fargjaldaálags er að finna á heimasíðu Strætó bs.

Niðurstaða

Fyrir liggur í málinu að við könnun starfsmanns Strætó bs. á farmiða kæranda var hún í vandræðum með farsíma sinn og gat ekki sýnt fram á gilt fargjald með farsímanum eða með öðrum hætti. Kærandi var krafín um greiðslu fargjaldaálags af þeim ástæðum. Að mati SGS eru skilmálar Strætó bs. skýrir og er það á ábyrgð farþega að snjalltæki virki sem skyldi sbr. reglu nr. 2.5 í skilmálum Strætó bs.


Með hliðsjón af orðalagi og markmiði 30. gr. a. laga nr. 28/2017, skilmálum Strætó bs. og tilgangi reglna Strætó um álagningu fargjaldaálags er það mat SGS að Strætó bs. hafi verið heimilt að krefja kæranda um greiðslu fargjaldaálags sbr. 2. mgr. 30. gr. a. laga nr. 28/2017. Er ákvörðun Strætó bs. því staðfest.

Ú r s k u r ð a r o r ð

Ákvörðun Strætó bs. um að krefja kæranda um greiðslu fargjaldaálags þann 19. febrúar 2026 er staðfest.

Samkvæmt 4. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 grein eru úrskurðir Samgöngustofu endanlegir á stjórnarsýslustigi. Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp geta aðilar lagt ágreining sinn fyrir dómstól á venjulegan máta.

Reykjavík, 11. september 2026


Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir
Lögfræðingur skrifstofu forstjóra


Ómar Sveinsson
Fagstjóri farþegamála